



Félags löggiltra endurskoðenda

HAUSTRÁÐSTEFNA 2019

Föstudag 1. nóvember á Nordica Hótel 2. hæð

Ráðstefnustjóri: Arna G. Tryggvadóttir

8:00	Skráning hefst
8:30 - 8:40	Ráðstefnan sett <i>H. Ágúst Jóhannesson, formaður FLE</i>
8:40 – 9:40	Helene Agéliei framkvæmdastjóri norræna endurskoðendasambandsins (NRF) Helene var ráðin framkvæmdastjóri NRF í byrjun þessa árs og mun hún fara yfir helstu áhersluatriði NRF fram undan og m.a. umræðuskjal alþjóðlega staðlaráðsins (IAASB) hvað varðar endurskoðun lítilla félaga.
9:40 – 10:00	Kaffi
10:00 – 11:00	Vinnustofur Iota 1
11:00 - 11:10	Skiptitími
11:10 - 12:10	Vinnustofur Iota 2
12:10 – 13:00	Hádegisverður
13:00 - 14:00	Vinnustofur Iota 3
14:00	Aðalfundur FLE hefst strax að lokinni ráðstefnu
16:00	Léttar veitingar í boði félagsins til heiðurs nýjum formanni

Ráðstefnugjald er kr. 39.000 fyrir félagsmenn í FLE og starfsmenn endurskoðunarfyrtækja. Hádegisverður er innifalinn í verðinu.

Ráðstefnan gefur samtals 5 einingar samkvæmt reglum um endurmenntun endurskoðenda. Allir þátttakendur fá tvær einingar í endurskoðun og síðan þrjár til viðbótar sem fer eftir vali á vinnustofum.

Vinsamlegast skráið þátttöku ykkar á vef Félags löggiltra endurskoðenda www.fle.is eigi síðar en kl. 12:00 þann 29. október. Að þeim tíma liðnum er ekki hægt að tryggja einstaklingsval á vinnustofum.

LÝSING Á VINNUSTOFUM

Vinnustofa 1: Peningaþvætti – áhættumat og verklag

Umsjón: Pétur Hansson, endurskoðandi Deloitte

Ein eining í endurskoðun

Lýsing á vinnustofu:

Hvaða verklag þurfa endurskoðunarfirmir að innleiða til að uppfylla lög um peningaþvætti og áhættu á hryðjuverkum. Hagnýt vinnustofa um áhættumat og verklag.

Verkefni

Umræður og verkefni.

Vinnustofa 2: Kulnun í starfi og bataferli

Umsjón: Sölvi Tryggvason, fjölmiðlamaður

Ein eining í flokknum siðareglur og fagleg gildi

Lýsing á vinnustofu:

Fyrir rúmum áratug upplifði Sölvi kulnun og bæði andleg og líkamleg heilsa hrundi. Í kjölfar þess fetaði hann allar mögulegar slóðir í leit að betri heilsu og auknum lífsgæðum. Hann ætlar að fara yfir einkenni eða vísbendingar um hvað er í uppsiglingu þegar fólk verður fyrir kulnun og segja frá því hvað reyndist honum best í bataferlinu.

Verkefni

Hagnýtt verkefni verður lagt fyrir þátttakendur.

Vinnustofa 3: Ný lög um endurskoðendur og endurskoðun - Helstu breytingar á eftirliti með endurskoðendum

Umsjón: Áslaug Árnadóttir formaður Endurskoðendaráðs

Ein eining í flokknum endurskoðun

Lýsing á vinnustofu:

Á vinnustofnunni verður fjallað um breytingar sem felast í nýjum lögum um endurskoðendur og endurskoðun, nr. 94/2019, sem taka munu gildi 1. janúar 2020. Verður áhersla lögð á umfjöllun um breytt fyrirkomulag gæðaeftirlits, eftirlitsheimildir endurskoðendaráðs og ákvæði laganna um viðurlög.

Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

Vinnustofa 4: Ófjárhagslegar upplýsingar í ársreikningi

Umsjón: Atli Jóhannsson, endurskoðandi PwC

Ein eining í reikningsskilum

Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um lagafyrirmæli og álitamál hvað varðar kröfur og framsetningu ófjárhagslegra upplýsinga sem og hlutverk endurskoðanda í því tilliti.

Verkefni

Umræður og skoðanaskipti að lokinni yfirferð.

Vinnustofa 5: Kynslóðabil og samskipti

Umsjón: Ingrid Kuhlman, MSc í hagnýtri jákvæðri sálfræði, ráðgjafi og leiðbeinandi hjá Þekkingarmiðlun

Ein eining í floknum siðareglur og fagleg gildi

Lýsing á vinnustofu:

Fjallað verður um mun á kynslóðum bæði á fræðilegan og skemmtilegan hátt. Vinnustofan gagnast öllum, því ekki er víst að sami háttur henti í samskiptum við viðskiptavini og samstarfsfólk sem eru af ólíkum kynslóðum.

Verkefni

Stutt verkefni og umræða í hópum ef tíminn leyfir.